

SÚÐAVÍKURHREPPUR

9. FUNDUR FRÆÐSLU- TÓMSTUNDAR - MENNINGAR OG KYNNINGARNEFNDAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022

HALDINN Í FUNDARSAL ÁLFTAVERS OG RAFRÆNT,
FÖSTUDAGINN 26. NÓVEMBER 2020, KL. 15:00

Fimmtudaginn þann 26. nóvember 2020 kl. 15:00 var haldinn fundur í fræðslu, tómstundar, menningar og kynningarnefnd Súðavíkurbrepps.

Mætt voru á fundinn: Stella Guðmundsdóttir (gegnum fjarfund), Elsa G. Borgarsdóttir, Oddný Bergsdóttir, Þorsteinn Haukur Þorsteinsson. Anna Lind Ragnarsdóttir fyrir Súðavíkurskóla og Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri sat einnig fundinn.

Ekki er gerð athugasemd við boðun fundarins.

Fundargerð ritar Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri.

Gengið er til afgreiðslu dagskrár.

Dagskrá:

1. Niðurstaða samræmdraprófa
2. Skólanámskrár
3. Fækkun nemenda
4. Mötuneytismál
5. Fjárhagsáætlun
6. Barnaverndarmál
7. Samrekinn leik-grunnskóli út frá dagatali, starfsdaga
8. Fækkuna vinnustunda (fosvest)starfsmanna
9. Styrkbeiðnir félagasamtaka
10. Önnur mál til kynningar

Afgreiðsla

1. Niðurstaða samræmdrprófa

Þrír nemendur þreyttu samræmd próf og var niðurstaðan eftirfarandi: CBC= íslenskan C+CC í stærðfræði – 7. bekkur. Ekki eru nemendur í 4. bekk. En 9. bekkur er í prófum í mars á næsta ári, tveir nemendur-íslenska stærðfræði og enska. Íslenskan kom síður út á landsvísu.

2. Skólanámskrár

Skólanámskrá skiptist í þrennt: Vísir, starfsáætlun og bekkjarvísir fyrir hvern bekk. Þetta hefur farið heim til allra, bekkjarvísar fóru heim í tösku en restin í tþ. Skólanámskrá leikskólans er sér. Uppfært árlega og í raun færtil samræmis við lög.

3. Fækkun nemenda

16 nemendur sem hófu námið en þrír sem byrjuðu í 0. bekk en bara tveir áfram, en það var samkvæmt mati. Það fækkaði um tvo og eru því 14 í dag. 10 börn eru í leikskóla, 2-5 ára börn. Horfur: 14 áfram í námi næsta ár í grunnskóla og 7 á leikskóla.

4. Mötuneytismál

Skólastjóri og sveitarstjóri endurskoða gjaldskrá fyrir mötuneyti og gjald fyrir aukatíma í leikskóla.

5. Fjárhagsáætlun

Lögð fram til kynningar – ekki athugasemdir við einstaka liði.

6. Barnaverndarmál

Sjá lið 3.

7. Samrekinn leik-grunnskóli út frá dagatali, starfsdaga

Leik- og grunnskóli er samrekinn í Súðavíkurbreppi og þar gildir að sem mest samsömun verður milli starfsmanna, sama hvar þeir starfa samkvæmt stöðugildi innan skólans. Jóla- og páskafrí verður því samræmt.

8. Fækkun vinnustunda (fosvest)starfsmanna

Nefndin leggur til víðtækt samráð við þá sem málið varðar, bæði fulltrúa leikskóla, skólastjóra, Súðavíkurbrepps og FosVest.

9. Styrkbeiðnir félagasamtaka

Stígamót – nefndin leggur fyrir sveitarstjórn að styrkja verkefnið.

Aflið – nefndin leggur fyrir sveitarstjórn að styrkja verkefnið.

TeamRynkeby – nefndin leggur fyrir sveitarstjórn að styrkja verkefnið.

10. Önnur mál til kynningar

Nefndin leggur til að reglulegir fundir verði haldnir í nefndinni. Lagt er til að fundur verði haldinn 2. fimmtudag hvern mánuð fyrir sveitarstjórnarfund meðan skólalald er. Bent er á að þörf er á að skipa

fulltrúa í nefndina; tvo aðalmenn og einn til vara. Þá vantar fulltrúa foreldra í starfið.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 16:33
